

Laugardagur 22. apríl

DV



SJÓNVARPIÐ

- 11.00 **Fræðsluvarp - Endursýning.** Bakþankar (9 mín), Garðar og gróður (16 mín), Alles Gute (15 mín), Fararheill, Leirkastalar (52 mín) Alles Gute (15 mín).
- 13.00 **Hlé.**
- 16.00 **Íþróttabátturinn.** Umsjón Samúel Örn Erlingsson.
- 18.00 **Ikorninn Brúskur (19).** Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Leikraddir Aðalsteinn Bergdal, Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 18.30 **Bangsi besta sinn.** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.55 **Táknmálfréttir.**
- 19.00 **Háskaslóðir.** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur fyrir börn og unglinga. Þýðinga Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringsjá.** Nýr þáttur frá fréttastofu sjónvarps sem verður á dagskrá framvegis á laugardögum á þessum tíma. Sagðar verða fréttir, þingfréttir og síðan mun Sigurður G. Tómasson fjalla um fréttir vikunnar í sjónvarpsal.
- 20.30 **Lottó.**
- 20.40 **'89 á stöðinni.** Spaugstofumenn fást við fréttir líðandi stundar. Leikstjóri Karl Agust Yfirsson.
- 21.05 **Fyrirmyndarfaðir.** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarfaðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 21.30 **Fólkið í landinu. 1. þáttur.** **Guðrún Ólafsdóttir er fædd í Kína.** Svipmyndir af Íslendingum í dagsins önn.
- 21.55 **Vinsældakönnun.** (The Ratings Game). Bandarísk gamanmynd frá 1984. Leikstjóri Danny de Vito. Aðalhlutverk Danny de Vito, Rhea Perlman, Gerit Graham og Huntz Hall. Sjónvarpsmaðurinn DeSalvo er frekar misþeppaður og vinsældir hans fara dvinandi, þar til hann fær stórsnjalla hugmynd sem á að fleyta honum á toppinn. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 23.20 **Yfir mörkin.** (Across 110th Street) Bandarísk bíómynd frá 1972. Leikstjóri Barry Shear. Aðalhlutverk Anthony Quinn, Yaphet Kotto og Anthony Franciosa. Þrjú unglingar ræna banka í Harlem hverfinu í New York, án þess að vita að bankinn er í eigu mafíunnar. Þeir verða mönnum að bana og eru hundeltir af lögreglu og mönnum mafíunnar. Þýðandi Reynir Harðarson.
- 00.45 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 8.00 **Heljur himingelsins.** Teiknimynd.
- 8.25 **Jógi.** Teiknimynd.
- 8.45 **Jakari.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 8.50 **Rasmus klumpur.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 9.00 **Með Áta.** Afí er að búa sig undir langferð en þetta er næstsíðasti þátturinn hans í bíli. Hann ætlar að skemmta sér og ykkur með söng, sögum og sýna teiknimyndirnar Skeljavík, Lítli tóframaðurinn, Skófólkið, Gló-álfarnir, Snorkarnir, Popparnir, Tao Tao og margt fleira. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
- 10.35 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
- 11.00 **Klementína.** Teiknimynd með íslensku tali um litlu stúlkuna Klementínu sem lendir í hinum ótrúlegustu ævintýrum.
- 11.30 **Fálkaeyjan.** Ævintýramynd í 13 hlutum fyrir börn og unglinga. 7. hluti.
- 12.00 **Pepsi popp.** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt frá því í gær.
- 12.50 **Gáfnaljos.** Real Genius. Lauflett gamanmynd um hressa og uppfinningasama skólastráka. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Gabe Jarret og Jonathan Gries.
- 14.35 **Ættarveldið** Dynasty. Framhaldsþáttur.
- 15.25 **Eiginokur í Hollywood.** Fyrsti hluti endurtekkinn framhaldsmyndar í þrem hlutum sem byggð er á samnefndri bók eftir Jackie Collins. Aðalhlutverk: Candice Bergen, Joanna Cassidy, Mary Crosby, Angie Dickinson, Steve Forrest, Anthony Hopkins, Roddy McDowall, Stefanie Powers, Suzanne Somers, Robert Stack og Rod Steiger. Framleiðandi: Howard W. Koch.
- 17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður lítið yfir íþróttir

- helgarinnar og úrslit dagsins kynnt, o.fl. skemmtilegt.
- 19.19 **Fréttir og fréttatengt efni** ásamt veður- og íþróttfréttum.
- 20.25 **Landslagið** í kvöld heyrum við áttunda lagið se, komust í úrslit í Söngvakeppni Íslands, landslaginu.
- 20.30 **Laugardagur til lukku.** Fjórugur getraunaleikur sem unninn er í samvinnu við björgunarsveitirnar. Í þættinum verður dregið í lukkufríði björgunarsveitanna en miðar, sérstaklega merktir Stöð 2, eru gjaldgengir í þessum leik og mega þeir heppnu eiga von á glæsilegum vinningum. Kynnir: Magnús Axelsson. Dagskrárgerð: Gunnlaugur Jónasson. Stöð 2.
- 21.30 **Steini og Olli.** Laurel and Hardy. Þeir félagarnir fara á kostum. Aðalhlutverk: Stan Laurel og Oliver Hardy.
- 21.50 **Beggja vegna rimlanna.** Thompson's Last Run. Haines afplánar lífstíðardóm innan múra fangelsis en Thompson er í þann mund að setjast í helgan stein eftir vel unnin störf innan lögreglunnar. Áður en Thompson lætur af störfum fer hann fram á að æskuvinnur hans verði fluttur úr hegningarhúsinu í Leavenworth yfir í Huntsville-fangelsið. Yfirvöld verða við bön hans en á leiðinni milli fangelsanna flýr fanginn með hjálp dularfullrar konu. Aðalhlutverk: Robert Mitchum og Wilford Brimley.
- 23.25 **Magnum P.I.** Vinsæll spennu- myndaflokkur. Aðalhlutverk: Tom Selleck.
- 0.15 **Geymt en ekki gleymt.** Honorable Thief. Mike Parker er hálfgerður utangarðsmaður í New York. Fyrir tuttugu árum hafði honum vegnað vel sem listaverkþjófur en Bakkus gamla komst í spilið og hann tapaði hæfileikanum. Mike til mikillar undrunar hringir gömul kærasta í hann og hefur áhuga á því að fá hann til samstarfs við sig. Stúlkan, sem er auðug barónessa með sterk ítök í undirheimum, hefur tók á því að flytja listaverk til Mið-Austurlanda og vill að Mike steli þeim.
- 01.40 **Gluggagægir.** Windows.
- 3.10 **Dagskrárlok.**



Rás 1 FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, dr. Einar Sigurbjörnsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur.
- 9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 9.05 **Litli barnatíminn -** Tvær smásögur eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson. Hómfríður Þórhallsdóttir les sögur um Hreiðrið og Um sumar-kvöld. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Hlustendapjónustan.** Sigrún Björnsdóttir leitara svara við fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Ríkisútvarpsins.
- 9.30 **Fréttir og þingmál.** Innlent fréttayfirlit vikunnar og þingmálaþáttur endurtekinn frá kvöldinu áður.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.25 **Sigildir morguntónar.** - Pianósónata nr. 4 í Es-dúr op.7 eftir Ludwig van Beethoven. Emil Giljels leikur. (Af hljómdiski.)
- 11.00 **Tilkynningar.**
- 11.03 **Í líðinni viku.** Atburðir vikunnar á innlendum og erlendum vettvangi vegnir og metnir. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.
- 12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.00 **Hér og nú.** Fréttabáttur í vikulok.
- 14.00 **Tilkynningar.**
- 14.02 **Sinna.** Þáttur um listir og menningarmál. Umsjón: Halldóra Friðjónsdóttir og Friðrik Rafnsson.
- 15.00 **Tónspegill.**
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Íslenskt mál.** Jón Aðalsteinn Jónsson flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 15.45.)
- 16.30 **Laugardagsútkall.** Þáttur í umsjá Arnar Inga sendur út beint frá Akureyri.
- 17.30 **Stúdíó 11.** Nýlegar hljóðritanir útvarpsins kynntar og rætt við þá listamenn sem hlut eiga að máli. - Various pleasing studies eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson. Laufey Sigurðardóttir leikur á fiðlu. - Sinfonia concertante eftir Szymon Kuran. Martial Nardeau og Reynir Sigurðsson leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Umsjón: Sigurður Einarsson.
- 18.00 **Gagn og gaman.** Anna Ingólfssdóttir segir frá tónskáldinu Wolfgang Amadeus Mozart og leikur tónlist hans. Tónlist. Tilkynningar.

- 18.45 **Veðurfregnir.** Dagskrá kvöld-sins.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Hvað skal segja? Umsjón:** Ólafur Þórðarson.
- 20.00 **Litli barnatíminn -** Tvær smásögur eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson. Hómfríður Þórhallsdóttir les sögur um Hreiðrið og Um sumar-kvöld. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Vísur og þjóðlög.**
- 20.45 **Gestastofan.** Hilda Torfadóttir ræðir við xx. (Frá Akureyri)
- 21.30 **Jón Þorsteinsson syngur lög eftir Jón Ásgeirsson.** Hrefna Eggertsdóttir leikur með á pianó. (Hljóðritun Útvarpsins.)
- 22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarphúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Nær dregur miðnætti.** Kvöldskemmtun útvarpsins á laugardagskvöldi. Stjórnandi: Hanna G. Sigurðardóttir.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Svolitið af og um tónlist undir svefninn.** Atriði úr Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss. Jón Örn Marinósson kynnir.
- 01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.



- 03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30.
- 8.10 **Á nýjum degi.** Þorbjörg Þórisdóttir gluggar í helgarblöðin og leikur bandaríska sveitátónlist.
- 10.05 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá útvarpsins og sjónvarpsins.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Dagbók Þorsteins Joð.** - Þorsteinn J. Vilhjálmsson.
- 15.00 **Laugardagspósturinn.** Skúli Helgason sér um þáttinn.
- 17.00 **Fyrirmyndarfólk.** Lisa Pálsdóttir tekur á móti gestum og bregður lögum á fóninn.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Kvöldtónar.** Tónlist af ýmsu tagi.
- 22.07 **Ut á lífið.** Lára Marteinsdóttir ber kveður milli hlustenda og leikur óskalög.
- 02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Unni Arngrímsdóttur danskennara sem veltur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi.)
- 03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.00, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.



- 9.00 **Ólafur Már Björnsson.** Það leyndir sér ekki að helgin er byrjuð þegar Ólafur mætir á vaktina. Hann kemur öllum í helgar-skap með skemmtilegri tónlist úr ýmsum áttum.
- 13.00 **Kristófer Helgason.** Leikir, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi. Uppáhaldslög-in og kveður í síma 61 11 11.
- 18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveður í símu 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafði samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 2.00 **Næturdagskrá.**
- 9.00 **Sigurður Helgi Hljóðversson.** Fjör við fóninn. Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
- 13.00 **Margrét Hrafnadóttir. Loksin laugardagur.** Hressilegir þættir uppfullir af skemmtiefni, fróð-leik, upplýsingum og góðri tónlist. Gestir koma í heimsókn og gestahljómsveitir Stjórnunnar leika tónlist í beinni útsendingu úr hljóðstofu. Stórgóðir þættir með hressu ryksugurokki og skemmtilegum uppákomum. Magga í sannkölluðu helgar-stuði.




- 18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveður í símu 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafði samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 2.00 **Næturstjórn.**
- 06.00 **Meiriháttar morgunhanar.** Björn Ingi Hrafnsson og Steinar Björnsson snúa skifunum.
- 10.00 **Útvarp Rót í hjarta borgarinnar.** Bein útsending frá markaðinum í Kolaporti, lítið á mannliði í miðborginni og leikin tónlist úr öllum áttum.
- 15.00 **Af veltvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
- 17.00 **Miðnesheiðni.** Samtök herstövaandstæðinga.
- 18.00 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
- 18.30 **Frá vimu til veruleika.** Krýsuvíkursamtökin.
- 19.00 **Ferill og „Fan“.** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera upphaldshljómsveit sinni góð skil.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Lára o.fl.
- 21.00 **Sibyllan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt til morguns** með Steinari K. og Reyni Smára. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.



- 17.00 **Vinsældaval -Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
- 19.00 **Blessandi boðskapur í margvislegum tönun.**
- 22.30 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarinn. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Agust Magnússon. (Endurtekið næsta föstudagskvöldi.)
- 00.30 **Dagskrárlok.**
- 6.30 **Tiskupáttur.**
- 7.00 **Poppþáttur.**
- 8.00 **Gríníójan.** Barnaþættir.
- 12.00 **Íþróttabáttur.**
- 14.00 **Fjölbragðaglima.**
- 14.15 **Olympiuleikar.**
- 16.00 **Planet Of Apes.**
- 17.00 **50 vinsælustu lögin.**
- 18.00 **Litil kraftaverk.**
- 18.30 **Neyðartilfelli.** (Emergency).
- 19.30 **Astarleyði.** (The Love Boat).
- 20.30 **Kiss Them For Me.** Sjónvarpskvikmynd.
- 22.30 **Fjölbragðaglima.**
- 23.30 **Poppþáttur.**



- 17.00 **Project X.**
- 19.00 **Winterhawk.**
- 21.00 **On the Line.**
- 23.00 **Grandview USA.**
- 0.45 **Little Murders.**
- 11.30 **Blak.** Úrslitin í Evrópukeppninni.
- 12.30 **Hornabolti.** Frá Bandaríkjunum.
- 13.30 **Tennis.** Davis bikarinn.
- 14.30 **Bilasport.** Formúla 1 keppni á Ítalíu.
- 15.30 **Véhljálakeppni.** US Grand Prix.
- 16.30 **Ishokki.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólm.
- 17.30 **Íþróttakynning Eurosport.** Mazda's Eye On Sport. Fréttir og fleira.
- 19.00 **Hjólreiðar.** Amstel Gold í Hollandi.
- 21.00 **Tennis.** Davis bikarinn. USA-Frakkland.
- 22.00 **Véhljálakeppni.** US Grand Prix.
- 23.00 **Ishokki.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólm.



Robert Mitchum og Wilford Brimley leika æskuvini með ólíkt hlutskipti í lífinu.

Stöð 2 kl. 21.50:

Beggja vegna rimlanna

Tveir vinir lenda í þeirri aðstöðu að hafna „beggja vegna rimlanna“. Þeir völdu ólíkt lífsmynstur. John Thompson (Robert Mitchum) afplánar lífstíðardóm en Red Haines (Wilford Brimley) leikur farsælan lögreglumann sem er að komast á eftirlaun. Haines vill láta síðasta verkefni sitt verða að flytja æskuvinn sinn á milli Leavenworth og Huntsville fangelsisins. Í lestinni á leiðinni tekst Thompson að flýja með hjálp konu sem erftitt er að henda reiður á. Yfirvöld telja að Haines hafi átt þátt í flóttanum og hann er látinn hætta með málið. En hann vill sanna sakleysi sitt og reynir að komast á sporið um hvar Thompson leynist. Kvíkmyndahandbókin gefur myndinni þokkalega einkunn. -ÓTT

Sjónvarp kl. 19.00:

Á háskaslóð

Nú hefur aftur göngu sína kanadíski myndaflokkurinn um fjölskylduna í Danger Bay. Söguviðið er strandlengja Bresku Kólombíu þar sem Roberts fjölskyldan býr. Grant „Doc“ Roberts og unglingarinn, Jonah og Nicole, ásamt flugkonunni J.L. Duval, sem er rómantískt áhugamað Docs, eru í aðalhlutverkum. Duval flygur oft með feðginum í könnunar- og björgunarleiðangra um nágrennið. Nú eru Jonah og Nicole að vaxa úr grasi. Í þessum þætti kynnumst við því hvernig flugáhugi Nicole vaknar þegar þau Jonah fara í flugferð með vini þeirra. Flugmaðurinn fær hjartaáfall. Jonah annast hann en Nicole reynir að nauðlenda vélinni eftir leiðbeiningum J.L. frá annarri flugvél. -ÓTT

Stöð 2 kl. 00.15:

Geymt en ekki gleymt

Mike Parker er New York búi sem stundaði listaverkstuld með góðum árangri á árum áður. Hann fór að drekka og með tímanum dvinuðu hæfileikar hans. Honum til mikillar undrunar fær hann símtal frá fyrverandi vinkonu - ekki út af ástamáli, heldur viðskiptum. Vinkonan er barónessa sem er í sambandi við Mið-Austurlandamann. Hún ætlar að flytja listaverk til Mið-Austurlanda og vill fá Mike til að stela þeim. Hann samþykkir með hálfum huga - vandamálið er að kærastinn, Charlie, verður að fara með. Reynsluleysi hans verður til þess að hann verður drepinn og skýndilega uppgötvar Mike að leynilögreglumáður, sem þekkir hann frá fyrri tíð, er á hælunum á honum. -ÓTT

Rás 2 kl. 12.45-15.00:

Dagbók Þorsteins Joð

Eftir hádegisfréttir verður dagbók Þorsteins Joð á dagskrá í næstsíðasta sinn. Þorsteinn mun ræða við meðlimi æskulýðsnefndar sem hafa nokkra sérstöðu í samfélaginu. Þessir félagar eiga það sameiginlegt að sjá sumt af því sem aðrir sjá, eða sjá það alls ekki - þeir eru blindir. Um þessa sérstöðu líffsýn ræða þau Ágústa Gunnarsdóttir, Ragna Guðmundsdóttir, Baldur Snær, Ólafía Jónatansdóttir, Hulda Berglind Gunnarsdóttir og fleiri. Í dagbókinni verða einnig leikin tónðæmi úr kvíkmyndinni A Farewell to Arms, þar sem tónlistin tjáir viðkvæmar tilfinningar blístjóra sjúkrafriðar og hjúkrunarkonu í fyrri heimsstyrjöldinni. Auk þess leikur besti vinur Þorsteins,



Þorsteinn Joð ræðir við nokkra blinda viðmælendur í „Dagbókinni“ í dag.

Victor Silvester, hægán foxtrott ásamt hljómsveit. -ÓTT